

Nd.

68. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „4 vikur“ í 1. tölulið 9. gr. b-lið komi: 3 mánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af nefnd, skipaðri af atvinnuáráðherra til að athuga fjárhagsmálefni bæjar- og sveitarfélaga. Fylgdi því svolátandi greinargerð:

Samkvæmt núgildandi lögum skal útsvari útgerðarmanns skipt, ef skip hans leggur upp afla utan heimilissveitar hans 4 vikur samfleytt eða lengur. Fær sú sveit, þar sem afli er lagður á land, hluta af útsvarinu.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að tímamarkið verði fært upp í 3 mánuði. Er það til samræmis við tímatakmark það, sem lagt er til grundvallar fyrir skiptingu útsvara sjómanna og annara, er stunda atvinnu utan heimilissveitar samkv. sömu gr. 2. og 3. tölulið. Þykir og sanngjarnt, að heimilissveit skipanna fái útsvörin óskipt, þegar ekki er um lengri fjarveru þeirra að ræða en hér var sagt.

Skulu nú færð nokkur rök fyrir því.

Þegar skip stundar veiðiskap og leggur upp afla utan heimilissveitar sinnar, hefir sveit sú eða bær, þar sem afli er lagður upp, bæði beinan og óbeinan hagnað af því. Má þar benda á verzlunarviðskipti skips og skipverja, en þó einkum atvinnu við hagræðingu og verkun aflans, sem lagður er á land. Þegar um er að ræða bræðslu-sild, má og benda á, að sildarverksmiðjur ríkisins greiða veltugjald í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði, sem í rauninni er útsvar. Að sjálfsögðu greiða og sildarverksmiðjur, fiskimjölsverksmiðjur, fiskverkunarstöðvar og söltunarstöðvar, sem eru einkaeign, útsvör í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði. Á þennan hátt verður afli utansveitarskipa útsvarsstofn á þeim stað, sem hann er lagður á land. Atvinnu- og viðskiptatekjur, sem skapast við veru skipanna, verða og útsvarsstofn á viðkomandi stað.

Þegar svo stendur á, sem að framan segir, fer heimilissveitin á mis við þann beina og óbeina hagnað, sem hin sveitin fær. Verður því ekki talið réttmætt, að heimilissveitin missi einnig hluta af útsvari útgerðarmannsins, þegar ekki er um lengri fjarvist skips að ræða en 3 mánuði, enda ekki ástæða til, að aðrar reglur gildi um útsvör útgerðarmanna en þeirra, sem um ræðir í 2. og 3. tölulið sömu greinar.

Reykjavík, 16. febrúar 1939.

Karl Kristjánsson.

Friðjón Skarphéðinsson.

Ólafur Sveinhjörnsson.

Bened. Guttormsson.

Jens Hólmgeirsson.